

Umhverfisnefnd Alþingis

Reykjavík 15. febrúar 2008

Mál:

Minnisblað vegna frumvarps til laga um mannvirki, þskj. 617-375. mál.

Inngangur:

06.05.1998 stofnaði þáverandi Löggingingastofa (núverandi Neytendastofa) til rafmagnsöryggisráðs Löggingingarstofu. “Ráðinu er ætlað að vera ráðgefandi um stefnumörkun í rafmagnsöryggismálum. Því er einnig ætlað að vera vettvangur fyrir umræður um framkvæmd rafmagnsöryggismála á Íslandi. Ráðið getur gert tillögur að breytingum á framkvæmdinni, ályktað um einstök atriði og lagt til átaksverkefni á sviði rafmagnsöryggismála.” Með tilliti til þessa viljum við undirritaðir skipaðir fulltrúar í rafmagnsöryggisráði koma eftirfarandi á framfæri við nefndina.

Í frumvarpi til laga um mannvirki sem lagt hefur verið fram á Alþingi er mælt fyrir flutningi öryggissviðs Neytendastofu til nýrrar stofnunar Byggingarstofnunar. Rafmagnsöryggisráð styður þá ráðstöfun í meginatriðum en gerir þó alvarlegar athugasemdir við eftirfarandi:

1.

Rafmagnsöryggisráð varar við þeim meintu áformum um að skipta málaflokknum markaðseftirlit með rafföngum í tvo hluta þ.e.a.s. eftirlit með neyslutækjum s.s. brauðristum, ísskápum o.s.frv. verði hjá Neytendastofu en eftirlit með rafföngum sem tilheyra byggingum og iðnaði verði hjá Byggingastofnun. Að okkar mati leiðir þessi fyrirætlan til óvissu og óöryggis. Sem dæmi um það má nefna að eldavel sem er fasttengd í húsi verður undir eftirliti Byggingarstofnunar, en sé hún laustengd (með kló og stungið í samband) verður hún undir eftirliti Neytendastofu. Fjölmörg sambærileg dæmi mætti nefna innan heimila og hjá allri atvinnustarfsemi í landinu.

2.

Hver er hinn raunverulegi tilgangur með því að aðskilja eftirlit með rafföngum - hvort þau eru laustengd eða fasttengd?

Okkar skoðun er sú að sami aðilinn (stofnunin) er fullfær um að sinna báðum útfærslum þ.e. hvort hluturinn er með eða án klóar. Það að skipta eftirliti með rafföngum með þessum hætti á milli tveggja eftirlitsstofnana er að okkar mati með öllu óráðlegt og aðeins til þess fallið að skapa óvissu gagnvart almenningi. Við efumst um að þessi fyrirætlan samrýmist ákvæðum sem byrtast í opinberum eftirlitsreglum sem gefnar voru út af Foræstisráðuneytinu árið 2000.

Þar er kveðið á um að opinbert eftirlit skuli ekki aukið nema að það skili jákvæðum árangri og að ávinningurinn af því skuli geta réttlætt útgjöldin sbr. heildarstefnu um eftirlitsstarfsemi

hins opinbera á bls. 44 (mat á æskilegu umfangi eftirlits, greining á þörf fyrir eftirlit, mat á kostnaði við eftirlit, mat á gildi og árangri eftirlits, skipulag eftirlits, eftirlitsaðferðir, meginatriði við val á eftirlitsaðferð, stjórnslásla og reglur, skipan stjórnsláslu og reglur).

Það er auk þess óásættanlegt að markaðseftirlitsgjald sem nú er innheimt við inlfutning í tolli (0,15% af tollverði) sé notað til annars en markaðseftirlits með rafföngum.

3.

Við leyfum okkur að benda á, að þekking á markaðseftirliti með rafföngum er nú þegar til staðar hjá öryggissviði Neytendastofu. Eðli málsins samkvæmt mun sú þekking flytjast til Byggingarstofnunar og þekking á markaðseftirlitsmálum þar með. Það að tvískipta markaðseftirliti leiðir af sér að byggja þarf upp tvö sambærileg sérhæfð svið.

Virðingarfyllst

F.h. SART
Ásbjörn Jóhannesson

F.h. SAMORKU
Ásgeir Þór Ólafsson

F.h. Félags raftækjaheildsala
Hallgrímur Jóhannsson

